

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn nemur krónum 500.000,00. Eftir það skal leggja 1/10 vaxta við höfuðstólinn. Þá má færa út starfssvið sjóðsins ef ástæða þykir til en hann skal þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár að ekki sé veittur styrkur úr sjóðnum eða eigi svo hár sem leyfilegt er, skulu vextir þeir sem til útborgunar koma en eigi er úthlutað lagðir við höfuðstólinn eða bætt við úthlutun næsta árs eftir ákvörðun sjóðstjórnar, en þá lagðir við höfuðstól sé ekki úthlutað á því ári.

7. gr.

Styrkinn skal auglýsa með tilkynningu í Kennaraháskóla Íslands og í fréttabréfi Hússtjórnarkennarafélags Íslands að hausti ár hvert. Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni sjóðstjórnar fyrir janúarlok ár hvert og er fjallað um þær á fundi sjóðstjórnar. Úthlutun á styrk skal fara fram fyrir 10. mars hið sama ár. Eigi má veita sömu manneskju styrk oftari en þrisvar sinnum.

8. gr.

Verði Hússtjórnarkennarafélag Íslands lagt niður getur stjórn sjóðsins ákveðið hvernig sjóðnum skuli varið. Þó skal ráðstafa sjóðnum þannig að hann stuðli að því að efla hússtjórnarfræðsluna í landinu.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár Gerðuminningar frá 1951.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð Guðmundar P. Bjarnasonar frá Sýruparti, Akranesi.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka áhuga og iðni við nám í grunnskólum Akraness, með því að verðlauna þá nemendur, sem fá hæstu einkunn við burtfararpróf úr Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 733.110,00.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu útibús Landsbanka Íslands á Akranesi, er ávaxtar hann eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma, og annast bókhald hans og alla umsjón, og endurskoðun.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, og leggja skal helming vaxta við höfuðstólinn árlega, þó skal allur kostnaður við umsjón sjóðsins greiðast af vöxtum hans áður.

5. gr.

Árlega skal varið, að frádregnum kostnaði, helming vaxta til verðlauna, er skiptast á milli skólanna og afhendist með skrautrituðu skjali undirrituðu af skólastjóra, um leið og prófskírteini er látið af hendi, í fyrsta sinn greiðist verðlaun vorið 1995.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2 milljónir, er leyfilegt að skipta verðlaunum milli þriggja skóla, bæta nemandu úr Fjölbrautaskóla á Akranesi við.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: einn frá Landsbanka Íslands á Akranesi og svo skólastjórar skólanna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

9. gr.

Sjóðurinn verður aðeins lagður niður með samhljóða ákvörðun stjórnar hans og renni þá fé hans til skólamála á Akranesi eftir því sem stjórnin ákveður.

Akranesi, 13. maí 1994.

Guðmundur P. Bjarnason.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr, 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.